

**Hafnarfjörður, 26.mars 2018**

**Til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar vegna djúpgáma í Skarðshlíð.**

Við lóðahafar og framtíðaríbúar Skarðshlíðar viljum gera verulegar athugasemdir við þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á skilmálum um djúpgáma, það er að segja að falla frá framkvæmdum að djúpgámum aðeins að sinni en koma þeim í framkvæmd síðar þegar hverfið er nær fullbyggt en þá hafi íbúar 24 mánuði til aðlögunar eins og kemur fram í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ. Ef þessi áætlun verður að veruleika þýðir að íbúar munu þurfa að byggja bráðabirðasorpgeymslur og rífa þær niður fljótlega, því ekki væri skynsamlegt að hafa rusla- og endurvinnslutunnur lausar vegna tjóns sem þær geta valdið í veðurofsum. Við teljum að sjálfsögðu ótækt að krefja okkur um að byggja eitthvað sem síðar verður rífið niður, allt á okkar kostnað.

Þá viljum við benda á að framkvæmdin um djúpgáma er mjög óskýr í skipulagsskilmálum Skarðshlíðar (gr. 4.6) og ekkert talað um að íbúar þurfi að stofna húsfélag eða standa straum af kostnaði djúpgáma, svo þær fréttirnar koma okkur í opna skjöldu. Þau svör sem við höfum fengið frá Hafnarfjarðarbæ er að kostnaðurinn muni deilast á íbúa í hlutfalli við eignarhlut í lóðinni. Við erum ekki sátt við það ef Hafnarfjarðarbær telur við vera kominn með undirskrift okkar fyrir óútfylltum tékka í kostnað við framkvæmd djúpgáma.

Við óskum því eftir að hætt verði við djúpgáma þangað til Hafnarfjarðarbær mun fara í almennar breytingar á flokkun sorps og úrgangs í bænum sem við munum að sjálfsögðu fylgja líkt og aðrir bæjarbúar. Við mótmælum því að vera tilraunaverkefni hvað þetta varðar með tilheyrandi auka kostnaði fyrir íbúa hverfisins umfram aðra íbúa bæjarins. Þau rök að þar sem djúpgámalausnin gefi góða raun á Norðurbakka ætti hún einnig að vera góð lausn fyrir einbýlishúsa- og parhúsabyggð Skarðshlíðar, líkt og skipulagsfulltrúi gaf í svari sínu við fyrirspurn okkar, halda ekki. Á Norðurbakka eru íbúar hvort eð er með húsfélag og munar því líklega ekki um að bæta sorpumhirðu við sem er alltaf hluti af húsfélagi fjölbýlishúsa. Þetta er því eins og að bera saman appelsínu og epli. Við teljum ótækt að krefja íbúa í sérbýlum í Skarðshlíð, einu sérbýlisíbúa bæjarins, að stofna húsfélag í kringum sorpumhirðu

sína og leggja til að íbúar standi straum af kostnaði (sem enn er öllum óljós) á meðan aðrir íbúar Hafnarfjarðar fá sorpþjónustu í gegnum útsvar sem allir greiða. Ein af ástæðum þess að fólk velur sérþýli er sú að það vill losna við umsýslu og umstang húsfélags. Við mótmælum líka að íbúar þurfi annars vegar að standa straum af kostnaði við að byggja bráðabirgðasorpgeymslur og hins vegar að rífa þær niður þegar djúpgámar koma. Við mótmælum tímabundinni heimild á sorptunnum inn á lóð og óskum eftir að fá að byggja sorpgeymslur sem standa og að fá sömu þjónustu og aðrir bæjarbúar sem búa í sérþýli.

Við vonum að hlustað verði á orð okkar sem nýbúa í þessu dásamlega hverfi og þeirra sem þar munu búa í framtíðinni enda berum við hag hverfisins fyrir brjósti. Gæta verður að jafnræði þegar kemur að sorpumhirðu í bænum og snúa frá þeim hugmyndum að eitt hverfi þurfi að sjá um sína sorphirðu nánast sjálft með tilheyrandi kostnaði, en borgi þó sama útsvar. Þá er líka mikilvægt að muna að margar lóðir eru enn lausar til úthlutunar í Skarðshlíð og það mun ekki auka líkur á sölu lóðanna og uppbyggingu hverfisins að hugmyndin um djúpgáma sé í ólestri og skapi óvissu.

Við skiljum að framtíðin muni gera auknar kröfur um sorpumhirðu og endurvinnslu og viljum við taka þátt í því með öðrum bæjarbúum. Ef djúpgámar verða að almennri stefnu Hafnarfjarðarbæjar þar sem koma á fyrir djúpgámum í öllum hverfum bæjarins og hugmyndin um fyrirkomulag þeirra fullútfærð, munum við að sjálfsögðu fylgja henni, enda viljum við öll stuðla að umhverfisvænum lausnum á nýjum tímum. Við óskum því eftir að hætt verði alfarið við hugmyndina um djúpgáma í Skarðshlíð þangað til djúpgámahugmyndin fari í almenna framkvæmd hjá Hafnarfjarðarbæ.

Með virðingu og vinsemd,

Borghildur Sverrisdóttir & Jóhann Bj. Kjartansson, framtíðaríbúar Móbergsskarði 7

Þóra Sveinsdóttir og Dagbjartur Pálsson, framtíðaríbúar Móbergsskarði 5

Ásta Björg Guðjónsdóttir & Sigurður Björn Reynisson, framtíðaríbúar Malarskarði 9

Dagný Lóa Sigurðardóttir & Friðrik Þór Halldórsson, framtíðaríbúar Malarskarði 11

Heba Rut Kristjónsdóttirog Kjartan Hrafnkelsson, framtíðaríbúar Malarskarði 5

Birgitta Rós Björgvinsdóttir & Andri Þór Ólafsson, framtíðaríbúar Malarskarði 16

Sandra Baldursdóttir og Valgeir Pálsson, framtíðaríbúar Malarskarði 7

Hreinn Guðlaugsson & Viktoría Ólafsdóttir, framtíðaríbúar Móbergskarði 4-6

Sigurður Daníel Einarsson & Katrín Hulda Guðmundsdóttir, framtíðaríbúar  
Móbergskarði 4-6

Ástþór Ingvi & Anna Margrét, framtíðaríbúar Glimmerskarði 9

Haukur Geir Valsson & Steinunn Eiríksdóttir, framtíðaríbúar Malarskarði 13